

**SJÓVÁ**

Sími: 436 1617 & 893 5445  
Netfang: kristjanah@sjova.is

Bæjarblaðið

**JÖKULL**

819. tbl - 18. árg.

7. febrúar 2018



# Asahláka í kjölfar snjókomu



Óveður gekk yfir landið á síðasta fimmtudag og fór Snæfellsbær ekki varhluta af því. Snjó kyngdi niður á fimmtudeginum og var því mjög blint þegar tók að hvesa. Um ellefuleitið um kvöldið tók svo að rigna og þá birti aðeins til en hávaðarok skall á.

Björgunarsveitin Lífsbjörg hafði í nógu að snúast. Fengur þeir fjöldamörg útköll, aðallega vegna foks á lausamunum og þakplötum sem losnuðu. Bátur losnaði frá bryggju á Rífi en björgunarsveitarfólki tóks að tryggja hann. Frá björgunarsveitinni voru 8 manns á ferð um

nóttina og sinntu þau verkefnum til um 4 um nóttina.

Veðrið fór ekki að ganga niður fyrr en um morgunin en samkvæmt mælum Veðurstofunnar mældist meðalvindur í Ólafsvík frá ellefu um kvöldið til fjögur um nóttina 30 metrar á sekúndu og urðu 42 í hviðum.

Slökkvilið Snæfellsbæjar fékk einnig nokkur útköll þar sem flætt hafði inn í kjallara á nokkrum stöðum í vatnsveðrinu sem fylgdi. Ekki er vitað til að stórtjón hafi orðið þó yfirleitt verði eitthvert tjón þegar svona veður gengur yfir. *þa*



## Opinn borgarafundur um framtíð Grundarfjarðar

Okkur langar að bjóða íbúum á opinn fund til að heyra hugmyndir ykkar um framtíð sveitarfélagsins

Fundurinn verður mánudaginn 12. febrúar á Kaffi Emil kl. 20

Form fundarins er stutt erindi frá Helga Hrafni Gunnarsyni, þingmanni Pírata og svo opnar umræður. Léttar veitingar í boði

Café **EMIL**

**Þorrablót**  
Neshrepps utan Ennis  
Laugardaginn 10. febrúar 2018

Sigga Beinteins, Grétar Örvarsson og Jógvan Hansen leika undir dansi.  
Selt verður miða inn á ballið - miðverð 3000 kr.  
Húsið opnar kl 23:00 fyrir almenning.



# Veitingastaðurinn Sker opnar í maí



Undanfarið hafa staðið yfir framkvæmdir vegna nýs veitingastaðar sem opna mun í Ólafsvík í húsnæði gamla Sparisjóðs Ólafsvíkur. Veitingastaðurinn mun fá nafnið Sker.

Þessa dagana er verið að hreinsa út úr húsnæðinu áður en hafist verður handa við uppbygginguna en stefnt er að því að opna í maí. Að veitingastaðnum standa Arnar Laxdal, Bryndís Ásta Ágústsdóttir og Lilja Hrund



Jóhannesdóttir. Gera þau ráð fyrir að vera með sæti fyrir 70 til 100 manns og er ætlunin að setja upp fjölskylduvænan stað og bjóða upp á mat á hagstæðu verði. Munu þau sjá alfarið sjálf um hanna útlitið innanhús.

Hannyrðaverslunin Rifssaumur sem hefur verið starfrækt í Rífi til margra ára mun flytja og verður einnig staðsett í húsnæði gamla sparisjóðsins en þar mun Katrín Gísladóttir móðir þeirra Arnars og Lilju Hrundar ráða ríkjum eftir sem áður.

Ætlun fjölskyldunnar er að vera með hráefni úr héraði við eldamennskuna en það er Lilja Hrund sem verður yfirkokkur á Skerinu, en hún er nýútskrifuð sem matreiðslumaður.

Útsýnið á veitingastaðnum verður ekki af verri endanum en búið er að setja glugga í þá hlið húsnæðisins sem snýr að höfninni. Þegar búið er að opna verður því hægt að njóta góðra veitinga og útsýnis.

þa



- Almennar bílaviðgerðir
- Smurþjónusta
- Dekkjaskipti og viðgerðir
- Rúðuskripti
- Stjörnu viðgerðir á framrúðu
- Tölvulestur

S: 438-6933 - kbbilav@simnet.is - Sólvellir 5 - Grundarfjörður  
Opnunartími 8-12 og 13-17 - Verið velkomin

## HRAUN

Restaurant - Café

### PIZZUTILBOÐ

12" Pizza  
með 2 áleggstegundum

1.600 kr.

Alla virka daga frá klukkan 12:00 - 15:00

Réttur dagsins og kaffi á 2.000 kr.

Grundarbraut 2 - Ólafsvík - Sími: 431-1030



FASTEIGNASALA  
SNÆFELLSNESS

Á heimasíðu  
Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness  
**fasteignsnae.is**  
er að finna upplýsingar um allar eignir á  
skrá hjá Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness.

Þétur Kristinsson hdl.  
löggtillit- fasteigna- og skipasali sími 438-1199

Bæjarblaðið



Blaðið er gefið út af Steinprent ehf. og dreift á hvert heimili í Snæfellsbæ og Grundarfirði. Blaðið kemur út vikulega.

Upplag: 1.100

Áb.maður: Jóhannes Ólafsson

Prentun: Steinprent ehf.  
Sandholt 22a, Ólafsvík  
355 Snæfellsbæ

Netfang: steinprent@simnet.is  
Sími: 436 1617



- Bílaviðgerðir
- Skipaþjónusta
- Almenn suðuvinna
- Smurþjónusta
- Smábátþjónusta
- Dekkjaverkstæði

vegr@vegr.is vegr.is  
S: 849-7276 Remek og 898-5463 Þórður



Sími: 430 3700  
www.fmis.is



## Aflabrögð



Veðrið hefur ekki verið upp á það besta undanfarið og ekki alltaf verið hægt að fara á sjó. Í Rífshöfn komu þó á land 393 tonn í 37 löndunum dagana 28. janúar til 4. febrúar. Í Ólafsvíkurhöfn komu 273 tonn á land í 59 löndunum og á Arnarstapa var 1 löndun og komu 6 tonn á land.

Hjá litlu línubátunum landaði Gullhólmi SH 30 tonnum í 2, Tryggvi Eðvarðs SH 29 tonnum í 4, Særif SH 27 tonnum í 4, Kristinn SH 26 tonnum í 4, Stakkhamar SH 24 tonnum í 3, Bíldsey SH 21 tonni í 3, Guðbjartur SH 19 tonnum í 3, Kvika SH 14 tonnum í 2, Álfur SH 13 tonnum í 3, Brynja SH 11 tonnum í 3 og Sverrir SH 6 tonnum í 1 löndun.

Hjá stóru línubátunum landaði Rífsness SH 57 tonnum í 1, Tjaldur SH 54 tonnum í 1, Örvar SH 48 tonnum í 1 og Hamar SH 48 tonnum í 2 löndunum.

Hjá netabátunum landaði Bárður SH 35 tonnum í 7, Ólafur Bjarnason SH 27 tonnum í 6, Arnar SH 13 tonnum í 4, Magnús SH 12 tonnum í 1 og Hafnartindur SH 9 tonnum í 4 löndunum.

Hjá Dragnótubátunum landaði Rífsari SH 31 tonni í 4, Saxhamar SH 30 tonnum í 4, Egill SH 21

tonni í 4, Gunnar Bjarnason SH 17 tonnum í 4, Guðmundur Jensson SH 12 tonnum í 4, Steinunn SH 9 tonnum í 4, Sveinbjörn Jakobsson SH 9 tonnum í 4, Leynir SH 7 tonnum í 4, Esjar SH 6 tonnum í 2, Matthías SH 5 tonnum í 2 og Bára SH 1 tonni í 2 löndunum.

þa

# Snyrtistofan Glóey opnar



Snyrtistofan Glóey var opnuð fimmtudaginn 1. febrúar síðastliðinn. Stofan er staðsett að Sandholti 42 á neðri hæðinni. Eigandi hennar er Margrét Eir Árnadóttir, hún er fædd og uppalin í Ólafsvík en útskrifaðist frá Fjölbrautaskólanum í Breiðholti í desember 2014 og lauk sveinsprófi í maí 2016. Aðspurð að því afhverju hún hafi opnað stofu hér segir Margrét Eir að hún hafi alltaf haft mikinn áhuga

á snyrtifræði og viljað vinna við það. Hún vildi koma aftur heim og fannst upplagt að auka framboðið í bæjarfélaginu.

Hún ætlar að bjóða upp á alla almenna snyrtingu og verður til dæmis með nokkrar andlitsmeðferðir, handsnyrtingu og fót-snyrtingu. Lofar byrjunin góðu að sögn Margrétar þó hún fari hægt af stað.

þa



## FRÆÐSLUFUNDUR Í SNÆFELLSBÆ

MÍÐVIKUDAGINN 14. FEBRÚAR  
KL. 17:00 - 18:30

Áttagastofu Snæfellsbæjar,  
Bæjartúni 2, Ólafsvík

Fræðslustjóri Alzheimersamtakanna **Sirrý Sif Sigurlaugardóttir** félagsráðgjafi kynnis starfsemi þeirra og nýjustu þekkingu í málefnum fólks með heilabilunarsjúkdóma. Heitt á könnunni.

**Aðgangur ókeypis. Allir velkomnir.**

Nánari upplýsingar: [www.alzheimer.is](http://www.alzheimer.is) | [alzheimer@alzheimer.is](mailto:alzheimer@alzheimer.is)



# FJÁRÖFLUN FRAMUNDAN?

Opið alla virka daga kl. 08 - 18

Opið á laugardögum kl. 10 - 14

SETJUM SAMAN  
PAKKA EFTIR  
ÞÍNUM ÓSKUM!



REKSTRARLAND  
- léttir þér lífið

[www.olis.is](http://www.olis.is)

[www.rekstrarland.is](http://www.rekstrarland.is)

Ólafsbraut 55, Ólafsvík  
Sími: 436 1212

# 112

EINN EINN TVEIR

*dagurinn*

## Viðbragðsaðilar í Snæfellsbæ verða með fjör og læti á 1.1.2 daginn.

Farið verður í bilalest frá Slökkvistöðinni í Ólafsvík kl. 13:00, ekið verður út Ólafsbraut, upp Klifbrautina, Hábrekku og Túnbrekku, niður Grundarbraut að Ólafsbraut, upp Kirkjutún og út Engihlíð. Þaðan verður ekið út á Hellissand. Ekið verður um Keflavíkurgötu, Snæfellsás, Hellisbraut og Munaðarhól. Þaðan verður ekið inn í Rif. Ekið verður um efra Rif og endað í Björgunarstöðinni Von á Rifi þar sem allir viðbragðsaðilar verða með sýningu og kynningu á störfum sínum og búnaði frá kl. 14:00. Klifurveggur fyrir börnin að reyna sig á. Í boði verður blóðþrýstingsmæling og blóðsykurmæling fyrir þá sem vilja. Slysavarnadeildirnar Helga Bárðardóttir og Sumargjöf ásamt Snæfellsbæjardeild RKÍ verða með kynningu á sínu starfi. Boðið verður upp á léttar kaffiveitingar.

HEILBRIGÐISSTOFNUN  
VESTURLANDS



RAUÐAKROSSDEILD  
SNÆFELLSBÆJAR